

Auglýsing

frá skrásetjara vörumerkja í Reykjavík
um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið 1911.

Skrás. 1911 nr. 1.

Tilkynt 16. febrúar 1911, kl. 4¹/₂ síðd., af Frederik Christian Möller, umboðssala í Reykjavík, og skrásett 18. s. m.



Lýsing á merkinu: Sjómaður, sem stendur við stýri; þar utan um í línu bogadreginni upp á við orðin »Motor Cylinderolie«, en þar fyrir neðan orðið »Pilot«. Merkið á eingöngu að ná til mótór cylinderolíu.

Skrás. 1911 nr. 2.

Tilkynt 28 febrúar 1911, kl. 5 síðd., af Det Danske Petroleums Aktieselskab, verzlunarfélag, Kaupmannahöfn, og skrásett 3. marz s. á.

Lýsing á merkinu, Orðið:

DIESMOR.

Merkið er að eins skrásett fyrir steinolíu og alls konar steinolíuafurðir (Petroleumsprodukter), nafta og aðra lýsingarvökva. Það skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Merkið er áður skrásett í Kaupmannahöfn 4. febr. 1911, samkvæmt tilkynningu, dags. 14. jan s. á.

Skrás. 1911 nr. 3.

148

Tilkynt 14. marz 1911, kl. 7 síðd., af Isidor Nielsens mekaniske Værksted, Trondhjem í Noregi, og skrásett 15. s. m.

Lýsing á merkinu: Orðið: Dan, með umgjörð í kring.



REGISTRERET VAREMÆRKE.

Merkið er skrásett fyrir steinoliumótora, skipsskrúfur (Propeller) og aðrar vélar eða vélahluta (Maskingods), vindur, verkfæri, lampa, lampahluta, keðjur, áburðaroliur, vélafitu og vélataeki (Maskinrekvisiter) að undanteknum áhöldum og verkfærum til að gera lása, tæki til þeirra og hluta af þeim, svo og að undanteknum keðjum og vélataekjum snertandi lása.

Merkið skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir, sem það er skrásett fyrir, og er áður skrásett í Noregi árið 1901, samkvæmt tilkynningu, dags. 12. júlí s. á.

Skrás. 1911 nr. 4.

Tilkynt 12. apríl 1911, kl. 5 síðd., af Det Danske Petroleum-Aktieselskab, verzlunarfélag, Kaupmannahöfn, og skrásett 18. s. m.




148 Lýsing á merkinu: Hringmyndað einkunnarmerki og stendur efst í því í boga: »Ekstra-Refined«. Undir þeim orðum stendur í tveim línum: »DDPA« og: »Rocklight«. Fyrir neðan hið síðastalda orð eru þrjár stjörnur, og neðst í línu bogadreginni niður á við orðið: »Petroleum«.

Merkið, sem áður er skrásett í Kaupmannahöfn 11. marz 1911, samkv. tilk. dags. 21. febr. s. á., er að eins skrásett fyrir steinolíu og alls konar steinolíuafurðir, nafta og aðra lýsingarvökva. Orðið Rocklight skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Skrás. 1911 nr. 5.

Tilkynt 15. maí 1911, kl. 4 síðdegis, af hlutafélaginu P. I. Thorsteinsson & Co., verzlunar- og útgerðartélag, Reykjavík, og skrásett 18. s. m.

Lýsing á merkinu: Átthyrnt einkunnarmerki og innan í því ferhyrning-



ur með afskornum hornum, som lokast með línu bogadreginni inn á við, en gagnvart boganum er punktur. Utan um ferhyrninginn standa við hverja hlið hans þessi orð: Bacalao-salt, Einkasala. Hlutafélagið P. I. Thorsteinsson & Co., Einkasala, en í hornunum milli þessara orða eru ferhyrnd aðgreiningarmerki. Innan í ferhyrningnum er flattur þorskur í sporöskjumyndaðri umgjörð, en utan við umgjörðina og innan við bogana við horn ferhyrningsins eru stafirnir S, A, L, T.

Merkið er að eins skrásett fyrir salt. Orðið Bacalao skal nota sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessa vörutegund.

Skrás. 1911 nr. 6.

148

Tilkynnt 14. ágúst 1911, kl. 7 síðd., af Cadbury Brothers Limited, verk-
smiðjufélagi, Bournville near Birmingham, Englandi, og skrásett 19. s. m.

CADBURY


Lýsing á merkinu: Orðið »Cadbury.

Merkið er að eins skrásett fyrir kakaó og súkkulaði, og skal nota það
sem sérstakt tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

Samkvæmt tilk., dags. 16. sept. 1899, hefir vörumerki þetta áður verið
skrásett í London (42. flokki) 27. september s. á.

Skrás. 1911 nr. 7.

Tilkynnt 20. október 1911, kl. 6½ síðd., af »Sambandi íslenzkra samvinnu-
félaga«, er rekur saltkjötsverzlun, Húsavík, Þingeyjarsýslu, og skrásett 24. s. m.



Lýsing á merkinu:

Ferstrengt merki með stöfunum S I S sérkennilega samsettum í mynd,
þannig að »S«-in snúa bókum saman sitt hvoru megin við »I«-ið, sem teygir sig
yfir og undir »S«-in.

Merkið á að nota á saltkjöt og tunnur, sem kjötið er geymt í.

Skrifstofu vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 29. des. 1911.